



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2011

**Viðskiptahættir Jóns Geirs Sigurbjörnssonar
vegna vefsíðanna treyjur.com og gjafir.com.**

I.

Málavextir

Neytendastofu hafa á árunum 2010 og 2011 borist fjöldi ábendinga og kvartana frá neytendum vegna netverslunar sem hýst eru undir lénunum treyjur.com og gjafir.com. Hafa ábendingar neytenda snúið að því að ekki sé mögulegt í kjölfar kaupa að ná sambandi við fyrirtækið, m.a. í þeim tilgangi að fá afhenta vöru sem greitt hefur verið fyrir og hefur ekki skilað sér til neytenda eða vegna umleitana neytenda vegna galla á vöru.

Með boðsendu bréfi Neytendastofu, dags. 26. nóvember 2010, til Jóns Geirs Sigurbjörnssonar rekstraraðila vefsíðanna, var með vísan til ákvæða laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga þeim tilmælum beint til Jóns að koma upplýsingum á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com í rétt horf miðað við gildandi lög. Var gefinn 14 daga frestur til að koma vefsíðunum í rétt horf. Engin viðbrögð voru við bréfi stofnunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. janúar 2011, var erindi Neytendastofu ítrekað og þess óskað að brugðist yrði við fyrra bréfi stofnunarinnar. Var gefin lokafrestur til 16. janúar 2011. Að þeim tíma liðnum yrði tekin ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Engar athugasemdir bárust stofnuninni innan tilskilins frests og enn hafa vefsíðurnar ekki verið lagfærðar eftir tilmælum Neytendastofu.



III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Jón Geir Sigurbjörnsson ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að tilgreina með skýrum hætti á vefsíðum sínum, treyjur.com og gjafir.com, þær upplýsingar sem krafa er gerð um í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 10. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2002, um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Í lögum nr. 30/2002 er kveðið á um skyldu til að veita neytendum almennar upplýsingar um þjónustuveitanda. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna er þjónustuveitanda skylt að veita greiðan og samfelldan aðgang að upplýsingum um sig, þ.á m. nafni, heimilisfangi og netfangi. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- 1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“*

Ljóst er að engar upplýsingar um þjónustuveitanda er að finna á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 er kveðið á um ákveðna þætti sem veita skal upplýsingar um þegar auglýst er eða beita á slíkum viðskiptaaðferðum eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingarmiðilsins sem nýttur er. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef fyrirtæki hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skal það, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um:

- a. helstu eiginleika vörunnar eða þjónustunnar,*
- b. nafn og heimilisfang fyrirtækis,*



c. greiðslutilhögun, afhendingu og framkvæmd samnings, víki þessi atriði frá því sem tíðkast í starfsgreininni,

d. meðferð kvörtunarmála gagnvart fyrirtækinu, víki meðferðin frá því sem tíðkast í starfsgreininni,

e. rétt til að falla frá kaupum, afpöntun eða skilarétt hafi neytendur slíkan rétt, víki meðferðin frá því sem tíðkast í starfsgreininni,

f. endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.”

Að mati Neytendastofu eru kynningar á vöru og þjónustu á vefsíðum, auglýsingar í skilningi laga nr. 57/2005. Með vísan til þessa ber auglýsendum að minnsta kosti að greina frá þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í b. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 sé verið að kynna vöru og/eða þjónustu á vefsíðum. Ljóst er að þær upplýsingar er ekki að finna á vefsíðunum trejgur.com og gjafir.com.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2000 er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Neytandi á rétt á eftirfarandi upplýsingum innan hæfilegs frests áður en samningur, sem lög þessi taka til, er gerður:

1. Nafn og heimilisfang seljanda.
2. Helstu eiginleikar vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um.
3. Verð vöru eða þjónustu, þar með talin öll opinber gjöld, svo og afhendingarkostnaður, ef það á við.
4. Fyrirkomulag á greiðslum, afhendingu og hvenær hún fer fram.
5. Réttur til að falla frá samningi, sbr. þó ákvæði 10. gr.
6. Kostnaður við að nota fjarskiptaaðferð þar sem hann er reiknaður á annan hátt en sem grunnjald.
7. Gildistími tilboðsins og tilboðsverðsins.
8. Lágmarksgildistími samningsins.”

Þá segir í 2. mgr. 5. gr. laganna að framangreindar upplýsingar skuli vera skýrar og greinagóðar og vera aðgengilegar neytendum. Upplýsingar þær er seljandi skal veita neytendum áður en kaup fara fram eru talin upp í átta töluliðum í 1. mgr. 5. gr. laganna. Meðal þessara upplýsinga eru nafn og heimilisfang seljanda. Ljóst er að engar slíkar upplýsingar er að finna á vefsíðunum trejgur.com og gjafir.com.

Í þessu máli liggur fyrir að Jón Geir Sigurbjörnsson hefur ekki brugðist við tilmælum Neytendastofu um að koma vefsíðunum gjafir.com og trejgur.com í rétt horf samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, laga



nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Með vísan til þessa er það niðurstaða Neytendastofu að Jón Geir Sigurbjörnsson hefur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2000.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Jón Geir Sigurbjörnsson, Perlukór 3e, Kópavogi hefur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, með því að tilgreina ekki þær upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com, sem gerðar eru kröfur um í lagaákvæðinu.

Jón Geir Sigurbjörnsson hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu., með því að veita neytendum ekki upplýsingar um nafn og heimilisfang fyrirtækisins á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com,

Jón Geir Sigurbjörnsson hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga, með því upplýsa ekki neytendur um nafn og heimilisfang seljanda innan hæfilegs frests áður en samningur er gerður.

Jón Geir Sigurbjörnsson skal, innan sjö daga tilgreina á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com nafn og heimilisfang ásamt þeim upplýsingum sem við eiga um starfsemi hans og koma fram í ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2000.

Verði ekki farið að ákvörðun þessari má búast við að tekin verði ákvörðun um viðurlög á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 18. febrúar 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir